



**Alþingi**

**Erindi nr. P 128/1424**

**komudagur 3.3.2003**

26.02.03

**Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík**

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014  
og fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006.**

### **Umsögn**

**SASSA, samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.**

Í fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun er leitast við að samræma áætlanagerð í samgöngumálum í landinu öllu. Samkvæmt tillögunni er áætlunin unnin til 12 ára í senn og skipt upp í þrjú fjögurra ára áætlunartímabil sem skiptist upp í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun.

SASSA mælir með slíkum heildarramma um áætlanagerð fyrir samgöngur í lofti, láði og legi og telur að slík heildaryfirsýn geti verið til verulegra bóta. Ennfremur er ljóst að þau meginmarkmið sem sett eru fram í áætluninni um greiðari samgöngur, hagkvæmari rekstur og uppbyggingu samgangna, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og öryggi í samgöngum, hljóta að leiða til framfara, takist að setja áætlunina upp með þeim hætti að þessi markmið náist.

SASSA hvetur því hæstvirt Alþingi til þess að vanda til endanlegrar gerðar áætlunarinnar. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra ábendinga sem fram koma í þeim umsögnum sem óskað hefur verið eftir. Einnig er mikilvægt að svokallað grunnet samgangna sé rétt skilgreint og þar er nauðsynlegt m.a. að taka tillit til landfræðilegrar legu byggðasvæða.

SASSA vill sérstaklega koma á framsæri við hæstvirta samgöngunefnd og Alþingi eftirfarandi áhersluatriðum:

#### **1) Flugmál : flugvellir.**

**Egilsstaðaflugvöllur.** Í Samgönguáætlun kemur fram á bls. 15 “að í reynd verði stökkbreyting í eftirspurninni eftir flugi, ef stóriðjuframkvæmdir hefjast á Austurlandi. Því má ætla að farþegum fjölgi um a.m.k. 20 þúsund á ári á flugleiðinni Reykjavík-Egilsstaðir.” (tilv.lýkur)

*Auka verður fjárveitingar á 1. tímabili áætlunarinnar til þess að mæta þessari þróun.* Ennfremur má benda á meðfylgjandi rökstuðning Héraðsstjórnar Héraðssvæðis um “Flugsamgöngur og flugöryggi” en flugvöllurinn er varaflugvöllur fyrir millilandaflug.

**Hornafjarðarflugvöllur** . Vegna vaxandi sumarumferðar ferðamanna er nauðsynlegt að ætla honum einnig fjármagn á 2. tímabili.

**Vopnafjarðarflugvöllur.:** Völlurinn verði færður í grunnet flugvalla, vegna landfræðilegra aðstæðna, þar til samgöngur verða bættar til Héraðssvæðisins. Þetta þarf að gera til þess m.a. að markmiðum um ferðatíma til höfuðborgarinnar verði náð alla mánuði ársins.

## 2) Hafnir.

Huga þarf að þeirri öfugþróun að mikill hluti þungaflutninga hefur færst af sjó og upp á land á vegi sem ekki eru móttækilegir fyrir slíka flutninga.

Vel þarf að huga að uppbyggingu samgöngumannvirkja í öllum flokkum samgönguáætlunar, þ.a. þau geti tekið við þeirri umferð sem til er ætlast af þeim.

Í þessu sambandi hefur SASSA sérstakar áhyggjur af því að með nýjum hafnarlögum verði ekki nægjanlega vel séð fyrir endurnýjun hafnarmannvirkja í framtíðinni eftir að 1. tímabili áætlunarinnar líkur. Vítt og breytt á landsbyggðinni eru hafnirnar grundvöllur þess að næg atvinna sé í sjávarbyggðum og þar með öflugt mannlíf.

Því óskar SASSA eftir því að tekið verði tillit til tillagna sem fram koma um þessi mál frá starfshópi Hafnarsambands sveitarfélaga. Einnig er vísað í samþykkt Aðalfundar SSA frá 2002 um frumvarp til hafnarlaga.

Að öðru leyti visast til innsendra umsagna sveitar- og hafnarstjórna á Austurlandi.

## 3) Vegamál: vegir, brýr og jarðgöng.

### Um tengingu Norður og Austurlands og Hringvegur á Austurlandi.

Vísað er til samþykktar SASSA frá 4. des. sl. svohljóðandi: “Samgöngunefnd SSA leggur á það áherslu að lokið verði við þá kafla sem eftir eru á þjóðvegi 1 á Austurlandi eigi síðar en 2005.

Áhersla verði lögð á að ljúka kaflanum frá Biskupshálsi um Vegaskarð og Langadal og um Þvottár- og Hvalnesskriður.

Í beinu framhaldi verði aðrir kaflar teknir. Áætlað er að kostnaður við endurbyggingu þessara kafla sé um 1.400 m.kr.

Á sama tíma verði staðið við fyrirheit um að ljúka uppbyggingu vegar milli **Reyðarfjarðar og Eskifjarðar.**”

**Tenging Hringvegur- Vopnafjörður.** Lokið verði við tengingu Vopnafjarðar við þjóðveg eitt eigi síðar en 2007.

**Öxi - Skriðdalur** Vegna sivaxandi umferðar um Öxi, samanber mælingar VR. síðastliðið sumar, er nauðsynlegt að halda áfram endurbótum á Axarvegi.

Lögð er áhersla á að bundið slitlag verði sett á veginn um Skriðdal nú á 1. tímabili. Vísað er til samþykktar SSA frá Aðalfundi 2002, Héraðsstjórnar Héraðssvæðis og sveitarstjórna Mjóafjarðar Djúpavogs og Hornafjarðar um þessi mál.

**Brú á Hornafjarðarfljóti.** Sérstaklega er fagnað að framkvæmdir við brú á Hornafjarðarfljót eru settar inn á 1. tímabil áætlunarinnar.

**Brú á Lagarfljót:** SASSA tekur undir athugasemdir sem fram hafa komið frá m.a. Héraðsstjórn Héraðssvæðis við að framkvæmdir við Lagarfljótsbrú eru fluttar aftur á síðasta tímabil samgönguáætlunar.

**Vegur um Fjarðarheiði.** Vegna stóraukins umferðarþunga, fólks og vöruflutninga um Fjarðarheiði nú strax í sumar, með tilkomu nýrrar hafnar og ferju til Seyðisfjarðar, verður að áætla fjármagn til endurbóta á erfiðustu og hættulegustu köflum leiðarinnar (Stöfum-Norðurbrún.)

Visast þar m.a. til erindis bæjarstjórnar Seyðisfjarðar til samgönguyfirvalda.

**Mjóafjarðarvegur:** SASSA lýsir yfir fullum stuðningi við óskir sveitarstjórnar Mjóafjarðarhrepps um að staðið verði við framkvæmdir og aukið verði við fjárveitingar svo ljúka megi endurbótum sem fyrst á veginum til Mjóafjarðar.

**Jarðgöng á Austurlandi.** SASSA fagnar því að innan skamms hefjast framkvæmdir við jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.



**Alþingi**

**Erindi nr. P 128/1424**

**komudagur 3.3.2003**

26.02.03

**Samgöngunefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík**

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2003-2014  
og fjögurra ára samgönguáætlun fyrir árin 2003-2006.**

### **Umsögn**

**SASSA , samgöngunefnd Sambands sveitarfélaga á Austurlandi.**

Í fyrirleggjandi tillögu til þingsályktunnar um samgönguáætlun er leitast við að samræma áætlanagerð í samgöngumálum í landinu öllu. Samkvæmt tillögunni er áætlunin unnin til 12 ára í senn og skipt upp í þrjú fjögurra ára áætlunartímabil sem skiptist upp í flugmálaáætlun, siglingamálaáætlun og vegáætlun.

SASSA mælir með slíkum heildarramma um áætlanagerð fyrir samgöngur í lofti, láði og legi og telur að slík heildaryfirsýn geti verið til verulegra bóta. Ennfremur er ljóst að þau meginmarkmið sem sett eru fram í áætluninni um greiðari samgöngur, hagkvæmari rekstur og uppbyggingu samgangna, umhverfislega sjálfbærar samgöngur og öryggi í samgöngum, hljóta að leiða til framfara, takist að setja áætlunina upp með þeim hætti að þessi markmið náist.

SASSA hvetur því hæstvirt Alþingi til þess að vanda til endanlegrar gerðar áætlunarinnar. Til þess að svo megi verða er mikilvægt að tekið sé tillit til þeirra ábendinga sem fram koma í þeim umsögnum sem óskað hefur verið eftir. Einnig er mikilvægt að svokallað grunnet samgangna sé rétt skilgreint og þar er nauðsynlegt m.a. að taka tillit til landfræðilegrar legu byggðasvæða.

SASSA vill sérstaklega koma á framsæri við hæstvirta samgöngunefnd og Alþingi eftirfarandi áhersluatriðum:

#### **1) Flugmál : flugvellir.**

**Egilsstaðaflugvöllur.** Í Samgönguáætlun kemur fram á bls. 15 “að í reynd verði stökkbreyting í eftirspurninni eftir flugi, ef stóriðjuframkvæmdir hefjast á Austurlandi. Því má ætla að farþegum fjölgi um a.m.k. 20 þúsund á ári á flugleiðinni Reykjavík-Egilsstaðir.” (tilv.lýkur)

*Auka verður fjárveitingar á 1. tímabili áætlunarinnar til þess að mæta þessari þróun . Ennfremur má benda á meðfylgjandi rökstuðning Héraðsstjórnar Héraðssvæðis um “Flugsamgöngur og flugöryggi” en flugvöllurinn er varaflugvöllur fyrir millilandaflug.*

**Hornafjarðarflugvöllur** . Vegna vaxandi sumarumferðar ferðamanna er nauðsynlegt að ætla honum einnig fjármagn á 2. tímabili.

**Vopnafjarðarflugvöllur.** Völlurinn verði færður í grunnet flugvalla , vegna landfræðilegra aðstæðna, þar til samgöngur verða bættar til Héraðssvæðisins. Þetta þarf að gera til þess m.a. að markmiðum um ferðatíma til höfuðborgarinnar verði náð alla mánuði ársins.



SASSA leggur þunga áherslu á að markvisst verði unnið að rannsóknum og undirbúningi næstu ganga milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar samanber nágildandi jarðgangaáætlun.

Nauðsynlegt er að jafnhliða verði unnið að heilstæðri jarðgangaáætlun á Austurlandi og rannsóknum á öðrum kostum hraðað þar með talið jarðgöngum frá Seyðisfirði um Mjóafjörð yfir í Fjarðarbyggð.

Vísað er í samþykkt Aðalfundar SSA 2002 og samþykkt Héraðsstjórnar Héraðssvæðis um jarðgöng.

### **Vegir, Þjónusta.**

**Vetrarþjónusta snjómokstur.** SASSA leggur áherslu á að snjómokstur á þjóðvegi 1, frá Mývatni til Egilsstaða og niður til Vopnafjarðar verði alla daga.

Jafnframt leggur SASSA á það áherslu að snjómokstursdögum til Borgarfjarðar eystri og um Breiðdalsheiði verði fjölgað.

Einnig að hálkueyðing verði stórbætt. (öryggisþáttur).

### **Almenningssamgöngur.**

Almenningssamgöngur þarf að stokka upp þ.a. almenningssamgöngukerfið nái með góðu móti til allra landshluta. Í því sambandi er nauðsynlegt að samgöngur verði treystar frá dreifðari byggðum til þeirra staða sem megin þorri farþega í innanlandsflugi fer um (Reykjavík, Akureyri, Egilsstaðir, Höfn Ísafjörður) og byggðar upp miðstöðvar almenningssamgangna fyrir hvern landshluta.

Þjónustusamningum sem í gangi eru verði viðhaldið og þeir eflir og öðrum komið á þar sem nauðsyn kallar.

Vísað er til samþykktar Aðalfundar SSA 2002 um almenningssamgöngur.

### **Breikkun brúa á Austurlandi.**

SASSA leggur áherslu á að fjárveiting komi til strax á fyrsta tímabili til útrýmingar á einbreiðum brúm á Austurlandi.

Vísast þar m.a. til samþykktar SSA um einbreiðar brýr .

*Virðingarfyllst  
fyrir hönd SASSA*

*sign Þorsteinn Steinsson formaður*

*Þorvaldur Jóhannsson framkvæmdastjóri*

*Fylgisskjöl meðfylgjandi.*

Samþykktir Aðalfundar SSA um samgöngumál .

Samþykktir Héraðsstjórnar Héraðssvæðis.

*Sent til.*

Samgönguráðherra.

Formaður Samgöngunefndar Alþingis

Alþingismenn Norðausturkjördæmi.

Alþingismenn Suðurkjördæmi

Vegamálastjóri

Einar Þorvarðarson VR Reyðarfirði

### **Göngustígur milli Fellabæjar og Egilsstaða**

Héraðsstjórn Héraðssvæðis tekur undir samþykkt Austur – Héraðs og Fellahrepps varðandi beiðni um fjármagn til að bæta göngu- og hjólréiðastíga milli þéttbýliskjarnanna Fellabæjar og Egilsstaða. Fjölmargir ferðamenn (m.a. vegna flugvallarins á Egilsstöðum) og námsmenn ferðast fótgangandi eða á hjóli þessa leið og tryggja þarf öryggi þeirra.

### **Jarðgöng.**

Héraðsstjórn Héraðssvæðis fagnar því að jarðgöng milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar eru í sjónmáli. Héraðsstjórn áréttar að flýta þarf rannsóknnum og framkvæmdum varðandi jarðgangagerð á Austurlandi með áherslu á tengingu Vopnafjarðar með göngum undir Hellisheiði til Héraðs sem forgangsverkefni.

### **Snjómokstur.**

Héraðsstjórn telur þörf á að auka og bæta skipulag snjómoksturs á vegum svæðisins og er þar sérstaklega tekið til að skólaakstur á svæðinu fer fram daglega og heimavist barna aflögð. Sömuleiðis er bent á að nú færist í vöxt að fólk úr sveitum sækji vinnu í þéttbýlið vegna samdráttar í landbúnaði. Héraðsstjórn telur að mokstur allra vega eigi að vera unnin og kostur af Vegagerð ríkisins og helmingamokstur verði aflagður enda sérskattur á sveitarfélög þar sem snjóalög eru mikil. Héraðsstjórn telur rétt að mokað verði snjó af vegum milli þéttbýlisstaða á hverjum degi og tekin verði upp mokstur á Hellisheiði þar til jarðgöng hafa leyst veginn af hólmi. Héraðsstjórn telur að hefja eigi viðræður við Vegagerðina um aukna þjónustu við íbúa Austurlands. Í því sambandi að kanna hvort hægt sé að semja við tækjaeigendur í dreifbýli um lausn staðbundinna verkefna. Héraðsstjórn bendir á að vegir á svæðinu eru oft hættulegir vegna hálfu og tryggja þarf sem kostur er umferðaröryggi með bættum vegum, auknum mokstri og hálkueyðingu. Í þessu sambandi er enn bent á stóraukna umferð flutningabíla svo og væntanlega umferðaraukningu vegna stóriðjuframkvæmda á Austurlandi.

### **Flugsamgöngur og flugöryggi.**

Héraðsstjórn fagnar þeim áfanga sem náðist í samgöngumálum Austurlands þegar LTU hóf flug til Egilsstaða á síðasta ári og þar sem nú liggur fyrir að framhald verður á fluginu og með tilliti til aukinnar flugumferðar vegna stóriðjuframkvæmda þá leggur Héraðsstjórn mikla áherslu að tekið verði tillit til þess í væntanlegri samgönguáætlun að flugbrautin á Egilsstaðaflugvelli verði lengd um 700 metra eða í 2.700

## **Héraðsstjórn Héraðssvæðis samþykkir eftirfarandi varðandi samgöngumál á svæði Héraðsstjórnar.**

### **Þjóðvegur nr 1.**

Héraðsstjórn Héraðssvæðis leggur þunga áherslu á að lokið verði við lagningu bundins slitlags á þá kafla þjóðvegur nr 1 sem enn eru eftir á norðurleiðinni og því verkefni verði lokið eigi síðar en að hausti 2004. Þetta er sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirra stórframkvæmda sem eru um það bil að hefjast á svæðinu. Í dag fara fram miklir þungaflutningar með bílum á þessari leið. Tryggja þarf góðar vegsamgöngur vegna fyrirhugaðrar linulagnar frá virkjun í Fljótsdalshreppi að álveri í Reyðarfirði.

### **Bundið slitlag á þjóðvegi milli þéttbýlisstaða**

Héraðsstjórn Héraðssvæðis leggur áherslu á að lagt verði bundið slitlag á veginn milli Egilsstaða og Borgarfjarðar eystri og hættulegir staðir lagfærðir. Sama á við um veginn til Vopnafjarðar um Jökulsárhlíð með það að markmiði að jarðgöng leysi veginn yfir Hellisheiði af hólmi sem fyrst þannið að heilsárstenging án fjallvega komist á milli Þórshafnar, Bakkafjarðar og Vopnafjarðarsvæðisins og Fljótsdalshéraðs.

### **Vegabætur á Öxi.**

Héraðsstjórn tekur undir bókun sveitarstjórnar Djúpavogshrepps um hina miklu samgöngubót sem orðið hefur með endurbótum á veginum um Öxi. Héraðsstjórn tekur undir með sveitarstjórn Djúpavogshrepps að lagfæra þurfi ýmsa vankanta sem í ljós hafa komið eftir að umferð varð mjög almenn um veginn m.a. vegna öryggissjónarmiða svo og nauðsyn þess að símasamband verði bætt á svæðinu. Héraðsstjórn minnir enn fremur á bókun frá aðalfundi SSA þar sem fram kemur að aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. – 23. ágúst sl. fagnar þeim mikla áfanga í styttingu leiða sem vegurinn um Öxi er eða um 61 km miðað við Breiðdalsheiði og 71 km miðað við væntanleg Fáskrúðsfjarðargöng. Héraðsstjórn telur að nú þegar þurfi að endurbyggja og leggja bundið slitlag á veg nr. 1. um Skriðdal, allt annað er óásættanlegt. Í beinu framhaldi þar af að gera heilsársveg yfir Öxi vegna umferðaröryggis. Einnig er bent á að á Djúpavogi er að hefjast stóriðja í fiskeldi sem gerir kröfur um bættar samgöngur. Samkvæmt könnun sem unnin var í sumar (2002) þá aka fleiri bílar Öxi en Breiðdalsheiði sem styður enn frekar skoðun Héraðsstjórnar. Héraðsstjórn áréttar að á þjóðvegi 1, í Skriðdal eru sex hættulegar einbreiðar brýr á einungis 20 km kafla sem áriðandi er að endurbyggja strax





metra til að tryggja enn betur öryggi flugvéla í millilandaflugi sem nota flugvöllinn sem vara- eða aðalvöll. Sömuleiði til að tryggja betri möguleika til undirbúnings fraktflugs um Egilsstaðaflugvöll. Héraðsstjórn leggur einnig á það áherslu að dælubúnaður vegna flugvélaeldsneytis verði bættur sem einnig á að tryggja betra öryggi Egilsstaðaflugvallar sem varaflugvallar fyrir Keflavíkurflugvöll og til að tryggja auðveldari og betri þjónustu fyrir þær vélar sem nota völlinn.”

### **Ný ferjuhöfn og ný ferja.**

Héraðsstjórn fagnar uppbyggingu glæsilegra hafnarmannvirkja á Seyðisfirði og tilkomu nýrrar ferju. Héraðsstjórn hvetur sveitarfélög og aðila í ferðaþjónustu til að gera sitt besta í að auka þátt ferðaþjónustunnar í atvinnulífi Austurlands. Héraðsstjórn bendir á að möguleikar liggi í því að markaðssetja þessa nýju höfn með það að markmiði að auka ferðir skemmtiferðaskipa til Austurlands og þar með straum erlendra ferðamanna. Lögð er áhersla á að fjárveiting vegna ferjuhafnar á Lagarfljóti sem var á núgildandi hafnaráætlun verði tryggð aftur í nýrri hafnaráætlun þar sem fjárveitingin hefur ekki verið nýtt.

Samrit sent Samgönguráðherra, Þingmönnum Norðausturkjördæmis og samgöngunefnd SSA.



## Frumvarp til hafnarlaga

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. og 23. ágúst 2002 styður afstöðu Hafnarsambands sveitarfélaga þar sem lögð er áhersla á, og óskað eftir því, að fram fari ítarleg umræða um megin efni frumvarpsins og leitað verði leiða til að gera á því nauðsynlegar breytingar. Aðalfundurinn varar við þeim afleiðingum sem lagafrumvarpið hefur fyrir einstök byggðarlög eða byggðarsvæði. Sérstaklega verði skoðaðir styrkir til hafnarframkvæmda.

## Fyrirhleðslumál vatnsfalla á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. og 23. ágúst 2002 tekur undir ályktun Bæjarráðs Hornafjarðar frá 3. apríl sl. þar sem bent er á þá miklu og brýnu þörf sem er víða fyrir hendi í fyrirhleðslumálum vatnafalla í Austur Skaftafellssýslu. Aðalfundurinn hvetur til þess að auknu fjármagni verði veitt á Landgræðsluáætlun 2003-2014 til þess að hægt verði að bregðast við þeim mikla vanda sem leiðir af óbeisluðum ám, á Austurlandi.

## Aukið fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. og 23. ágúst 2002 beinir því til Vegagerðar ríkisins að stórauka fjármagn til girðinga meðfram þjóðvegum enda er það afar brýnt vegna umferðaröryggis.

## Áskorun til þingmanna

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. - 23. ágúst 2002 skorar á þingmenn kjördæmisins að sjá til þess að veitt verði nægu fjármagni til vegagerðar á Austurlandi, svo ljúka megi við uppbyggingu þeirra vegakafla á þjóðvegi 1 sem ólokið er.

## Sjósetning nýrrar ferju Smyril-line

Aðalfundur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi haldinn á Seyðisfirði óskar Smyril-line til hamingju með sjósetningu nýja skipsins.

Dagurinn í dag er tímamóta- og gleðidagur fyrir ferðaþjónustu á Austurlandi og á Íslandi öllu

*Samþykkt á aðalfundi SSA 2002*



# FRÁ SAMGÖNGUNEFD

## Jarðgöng á Austurlandi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22.-23. ágúst 2002 fagnar því að Vegagerðin skuli hafa mælt með því að næstu framkvæmdir við jarðgöng á landinu verði milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar.

Fundurinn hvetur einnig til þess að markvisst verði unnið að rannsóknum og undirbúningi næstu ganga á milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sbr. núgildandi jarðgangaaætlun.

Jafnhliða verði unnið að heilstæðri jarðgangaaætlun á Austurlandi og rannsóknum á öðrum jarðgangakostum hraðað, þ.m.t. frá Seyðisfirði, um Mjóafjörð yfir á Norðfjörð.

Varðandi nýja vegagerð um Almannaskarð verði skoðað sérstaklega hvort rétt sé að gera göng í stað nýs vegar.

## Einbreiðar brýr

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. – 23. ágúst 2002 hvetur yfirvöld samgöngumála til að gera sérstakt átak í að útrýma einbreiðum brúm á þjóðvegi 1 og *stofnvegum* í landshlutanum.

## Brú yfir Hornarfjarðarfljót

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22.-23. ágúst 2002 tekur undir þá skoðun bæjarstjórnar Hornarfjarðar að nýr vegur og brú yfir Hornarfjarðarfljót verði forgangsverkefni í samgöngumálum sveitarfélagsins Hornarfjarðar.

## Vegur um Öxi

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22.-23. ágúst 2002 fagnar þeim mikla áfanga í styttingu leiða sem vegurinn um Öxi er. Til að styrkja þessa framkvæmd þyrfti þó að bæta veginn um Skriðdal og einnig nokkrar endurbætur á Öxi, vegna umferðaröryggis.

## Almenningssamgöngur

Aðalfundur SSA haldinn á Seyðisfirði 22. – 23. ágúst 2002 minnir enn einu sinni á að góðar almenningssamgöngur eru eitt af grundvallarskilyrðum fyrir búsetu á landsbyggðinni. Því er nauðsynlegt að bregðast við breyttum kröfum og aðstæðum með ákveðnum stuðningi við almenningssamgöngur þar sem landfræðilegar aðstæður kalla á slíkt.

*Aðalfundurinn hvetur til að á þessum málum verði tekið við endanlega gerð Alþingis á "Samræmdri samgönguáætlun"*